


Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga Endurskoðunarskýrsla 2016

3. apríl 2017



EY

Building a better
working world

Stjórn Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga
Borgartúni 6
105 Reykjavík

3. apríl 2017

Við höfum lokið endurskoðun á ársreikningi Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga, Vísindasjóðs SBU og Kjaradeilusjóðs SBU fyrir rekstrarárið 2016 sem saminn er í samræmi við lög um ársreikninga.

Við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunarinnar höfum við skoðað innra eftirlit til að ákveða endurskoðunaraðgerðir með það að markmiði að gefa álit á ársreikningi Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga, Vísindasjóðs SBU og Kjaradeilusjóðs SBU en ekki gefa álit á virkni innra eftirlits. Í skýrslu þessari munum við setja fram ábendingar um það sem við teljum að betur mætti fara og önnur áhersluatriði við endurskoðun okkar.

Skýrsla þessi er eingöngu ætluð til upplýsingargjafar til stjórnar, stjórnenda og annarra innan félagsins og er ekki ætluð til frekari dreifingar.

Við endurskoðunina höfum við átt gott samstarf með starfsmönnum Þjónustuskrifstofu FFSS og þökkum veitta aðstoð. Sé þess óskað munum við með ánægju veita frekari upplýsingar um endurskoðunina.

Virðingarfyllt

Valgerður Kristjánsdóttir
Löggiltur endurskoðandi
Ernst & Young ehf.

Efnisyfirlit

1. Framkvæmd endurskoðunar
2. Innra eftirlit
3. Helstu ábendingar
4. Kennitölur

Tengiliðir:
Valgerður Kristjánsdóttir
Sími: 595-2516
valgerdur.kristjansdottir@is.ey.com

Aðalheiður Sigbergisdóttir
Sími: 595-2503
adalheidur.sigbergisdottir@is.ey.com

1. Framkvæmd endurskoðunar

Markmið endurskoðunar

- ▶ Markmið endurskoðunarinnar er að láta í ljós álit á því hvort ársreikningar Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga, Vísindasjóðs SBU og Kjaradeilusjóðs SBU gefi glögga mynd af rekstri og efnahag félagsins. Markmiðið er hins vegar ekki að leiða í ljós óverulegar skekkjur.

Framkvæmd endurskoðunar

- ▶ Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.
- ▶ Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Ábyrgð endurskoðanda

- ▶ Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Ábyrgð stjórnar

- ▶ Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Álit endurskoðanda

- ▶ Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.
- ▶ Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016 í samræmi við lög um ársreikninga.

2. Innra eftirlit

Aðgreining starfa

- ▶ Núverandi starfsmannafjöldi gefur ekki tækifæri á fullri aðgreiningu starfa en samþykki reikninga og greiðslur eru á hendi sama aðila. Þar sem ekki verður komið á nægilegri aðgreiningu starfa þarf stjórn að vera vakandi fyrir því og bregðast við með eftirlitsaðgerðum.
- ▶ Í ljósi þessa ítrekum við mikilvægi þess að gjaldkeri stjórnar sinni eftirlitshlutverki með rekjanlegum hætti og yfirfari reglulega greiðslur félagsins.

3. Helstu ábendingar

Verðbréfaeign

- ▶ Aflað var yfirlits frá Eignastýringu Arion banka. Verðbreytingartekjur vegna ávöxtunar í Eignavali A voru ófærðar. Þóknun og hluti vaxtatekna var einnig ófærður í árslok. Gerðar voru leiðréttingar vegna þessa í lokafærslum. Staða verðbréfaeignar í ársreikningum stemmir við yfirlit frá Arion banka.

Kröfur og skuldir við tengda sjóði

- ▶ Í ársreikningi Félagssjóðs stendur krafa á Kjaradeilusjóð að fjárhæð kr. 6.049.765. Þar af eru kr. 5.820.625 frá fyrra ári. Krafan er til komin vegna greiðslna SBU á framlögum í Verkfallssjóð BHM vegna verkfalla á árinu 2015. Kostnaðurinn var greiddur af SBU en tilheyrir Kjaradeilusjóði SBU.
- ▶ Í ársreikningi Félagssjóðs stendur skuld við Vísindasjóð SBU að fjárhæð kr. 2.000.000, vegna láns á árinu 2015, og hefur hún staðið óbreytt frá árinu 2015.
- ▶ Við mælumst til þess að gengið verði frá uppgjöri á milli sjóðanna en einnig er mikilvægt að gerðir séu samningar á milli aðila þegar fjármunir eru lánaðir á milli sjóða óháð því hvort um tengda aðila sé um að ræða eða ekki.

3. Helstu ábendingar frh.

Greiðslur í verkfallssjóð

- ▶ Á árinu 2016 voru 229 þúsund krónur greiddar í verkfallssjóð BHM en allar greiðslur fóru í gegnum Félagssjóð SBU og voru þessi gjöld einnig gjaldfærð þar. Við framkvæmd á endurskoðun ársins voru þessi gjöld færð yfir í Kjaradeilusjóð SBU en réttilega ætti sá sjóður að bera kostnað tengdan verkföllum ársins 2015. Krafa í ársreikningi SBU á Kjaradeilusjóð stendur í fjárhæð 6 milljónum króna í lok árs 2016.

Lotun rekstrarkostnaðar

- ▶ Við yfirferð á rekstrarkostnaði kom í ljós að einn reikningur frá Þjónustuskrifstofu FFSS, að fjárhæð kr. 363.079, sem tilheyrir árinu 2016 hafði verið færður á árinu 2017. Gerð var leiðrétting vegna þessa í lokafærslum og reikningurinn gjaldfærður á árinu 2016.

4. Kennitölur - Félagssjóður

	<u>2016</u>	<u>2015</u>
Samningsgjöld	15.752.073	13.584.435
Breyting milli ára	16%	6,9%
Laun & tengd gjöld	4.226.471	4.053.728
Breyting milli ára	4,3%	14,6%
Annar rekstrarkostnaður	1.361.851	1.167.160
Breyting milli ára	16,7%	-59,7%

Takk fyrir

The EY logo is rendered in a bold, grey, sans-serif font. The 'E' and 'Y' are connected at the top. A large, bright yellow diagonal shape cuts across the right side of the image, partially overlapping the logo and the bench.

EY

Building a better
working world